

Fimmtudaginn 8. febrúar 1996.

Nr. 64/1996.

Rannsóknarlögregla ríkisins

gegn

Benedikt Orra Viktorssyni

(Ásgeir Ragnarsson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, a-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 5. febrúar 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 6. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími.

Sóknaraðili krefst staðfestingar úrskurðarins.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 2. febrúar 1996.

Ár 1996, föstudaginn 2. febrúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Júlíusi B. Georgssyni dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess með vísan til a-liðar 103. gr. laga nr. 19/1991, að Benedikt Orra Viktorssyni, kt. 221067-4529, til lögheimilis að Torfufelli 34, dvalarstaður Drápuhlíð 4, hvort tveggja í Reykjavík, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi frá lokum gæsluvarðhalds þess, er rann út kl. 16 í dag, allt til föstudagsins 9. febrúar nk. kl. 16 vegna grunar um brot gegn 248., 120. og 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Kærði hefur setið í gæsluvarðhaldi frá 18. f. m. vegna rannsóknar á ætluðum fjársvikum hans og annarra manna með sviðsetningu nokkurra umferðarslysa, þjófnaðar bifreiðar og síðan íkveikju hennar og þannig svikið

út tryggingafé. Auk þess liggur hann undir grun um að hafa undirbúið sviðsetningu fjórða umferðarslyssins í fjársvikaskyni.

Kærði hefur nú játað aðild sína að öllum framangreindum málum; síðast nú í dóminum játaði hann að hafa sviðsett umferðarslys á Reykjanesbraut í október 1993 og að hafa svikið út u. þ. b. tvær og hálf milljón króna vegna þess. Hvað önnur tilvik varðar, sem til rannsóknar eru, gerir kærði minna úr hlut sínum en meðkærðu hafa borið, en þeir hafa greint frá því, að kærði hafi verið aðalskipuleggjandi í þeim tilvikum.

Samkvæmt framansögðu er rökstuddur grunur um brot kærða gegn 248. gr. almennra hegningarlaga. Rannsókn þessara mála sýnist hins vegar svo vel á veg komin, að ekki þykir ástæða til að ætla, að kærði muni torvelða rannsókn, verði hann látinn laus. Verður því ekki fallist á að láta kærða sæta gæsluvarðhaldi vegna þessa á grundvelli a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur að undanfögnu einnig unnið að rannsókn vopnaðs ráns, sem framið var í útibúi Búnaðarbanka Íslands, Vesturgötu 54, Reykjavík, 18. desember sl. Þrír menn réðust þá inn í bankann, og var einn þeirra vopnaður haglabyssu. Þeir voru klæddir bláum vinnusamfestingum, með svartar húfur, sem huldu andlit þeirra, þó þannig, að göt voru fyrir augu og munn. Sá, sem var með haglabyssuna, ógnaði fólki í bankanum, en hinir tveir tóku peningaseðla úr peningaskúffum. Mennirnir hurfu að svo búnu á braut með peningana.

Kærði hefur staðfastlega neitað því að hafa átt nokkurn þátt í ofangreindu ráni með einum eða öðrum hætti. Við rannsókn málsins hefur komið fram, að kærði hefur leitað eftir að fá til liðs við sig menn til að fremja vopnað rán í bankaútibúi á höfuðborgarsvæðinu. Fram kemur í gögnum málsins, að kærði hefur lagt fyrir menn þessa áætlun um ránið og þeir verið búnir að hrinda hluta áætlunarinnar í framkvæmd, er þeir hurfu frá þátttöku. Félagar kærða hafa skýrt frá því, að áætlun sú, sem kærði kynnti þeim, sé í öllum grundvallaratriðum hin sama og gekk fram samkvæmt fréttum, þegar ránið var framið 18. desember sl. Sem fyrr segir, hefur kærði neitað aðild að ráninu.

Þegar rannsóknargögn málsins eru virt, þykir grunur lögreglu um aðild kærða að framangreindu ráni nægilega sterkur, til að telja megi hann rökstuddan. Myndi brotið, ef sannaðist, geta varðað kærða fangelsisrefsingu skv. 252. gr. almennra hegningarlaga. Rannsókn á aðild kærða að framangreindu bankaráni er enn á frumstigi. Ljóst er, að um umfangsmikla og tímafreka rannsókn er að ræða, þar sem þrír aðrir menn hafa til skamms tíma setið í gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknarinnar, auk þess sem fjöldi

fólks hefur verið yfirheyrður. Þá hafa lögreglu borist tugir vísbendinga vegna bankaránsins, og telur lögregla sumar þeirra tengjast kærða eða einstaklingum, sem tengjast honum með einum eða öðrum hætti. Veruleg hætta þykir því á, að kærði gæti torvelað rannsókn málsins, m. a. með því að hafa áhrif á vitni eða hugsanlega samseka, fari hann frjáls ferða sinna. Með vísan til framanritaðs og skírskotun til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála verður því fallist á kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins um gæsluvarðhald yfir kærða, eins og hún er fram sett.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Benedikt Orri Viktorsson, sæti áfram gæsluvarðhaldi frá lokum gæsluvarðhalds þess, er rann út kl. 16 í dag, allt til föstudagsins 9. febrúar nk. kl. 16.
